

10.03 Umsókn um skráningu á afurðarheiti

Vinnsla þessi byggir á: Lög nr.130/2014 um vernd afurðarheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu. Reglugerð nr .596/2016 um skráningu afurðarheita.

Innskráður notandi

Upplýsingar um þá sem fyllir út þetta form

Nafn

Birgir Már Sigurðsson

Kennitala

2006814449

Netfang

birgir@thoran.is

Símanúmer

6615550

Samskipti

Svör og athugasemdir vegna þessarar umsóknar/tilkynningar verða sendar á eftirfarandi netfang:

birgir@thoran.is

1. Framleiðendahópur, sótt er um fyrir:

(tilgreina þarf nafn framleiðendahópsins. Framleiðendahópur er félag, óháð formi, sem samanstendur af framleiðendum og/eða vinnsluaðilum sem vinna að sömu afurð eða samtökum þeirra)

Nafn

Samtök Íslenskra Eimingarhúsa

Kennitala

4303210560

Heimilisfang

Lyngás 12

Póstnúmer

210 Garðabæ

Símanúmer

6615550

Forsvarsmaður umsóknar

Birgir Már Sigurðsson

Athugið að meginreglan er að framleiðendahópur sækir um skráningu á afurðarheiti. Einstaklingur eða lögaðili getur einungis sótt um vernd afurðarheitis ef:

- Aðili er eini núverandi framleiðandi á skilgreindu landsvæði
 - Aðili notar ákveðna og viðvarandi staðbundna aðferð sem aðeins er notuð af aðilanum og
 - Afurð aðila kemur frá skilgreindu svæði og hefur einkenni sem eru í meginatriðum frábrugðin einkennum nærliggjandi svæða eða eiginleikar afurðar eru frábrugðnir sambærilegum afurðum frá nærliggjandi svæðum
- Athugið að umsækjandi getur aðeins sótt um vernd afurðar sem umsækjandi framleiðir, vinnur eða tilreiðir

2. Grundvöllur umsóknar

Tilgreinið grundvöll umsóknar (eitt af þrennu).

2) Sótt er um vernd afurðarheitis sem vísar til landsvæðis

3. Afurðarheiti sem sótt er um vernd fyrir

Hér þarf að tilgreina það nafn sem notað er til að tilgreina afurð:

Íslenskt gin / Icelandic gin og aðrir undirflokkar t.d. Icelandic Pink Gin, Icelandic Dry Gin, Icelandic London Dry Gin. o.s.frv.

4. Afurðarlýsing

1) Afurðarheiti

Íslenskt gin / Icelandic gin og aðrir undirflokkar t.d. Icelandic Pink Gin, Icelandic Dry Gin, Icelandic London Dry Gin. o.s.frv.

2) Lýsing á afurð, hráefni og helstu eðlis-, efna- og örverufræðilegu eða skynrænu einkenni afurðar

Okkar umsókn er byggð á sömu skilgreiningu sem lögð er fram í reglugerð Evrópusambandsins númer 2019/787 frá 17. apríl 2019 (on the definition, description, presentation and labelling of spirit drinks, the use of the names of spirit drinks in the presentation and labelling of other foodstuffs, the protection of geographical indications for spirit drinks, the use of ethyl alcohol and distillates of agricultural origin in alcoholic beverages, and repealing Regulation (EC) No 110/2008) sem skilgreinir framleiðslu brenndra drykkja og gildir einnig fyrir ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í þessari umsókn er því bætt við að þessi framleiðsla þurfi að eiga sér stað á Íslandi, hvort sem um er að ræða eimað gin (e. distilled gin) eða blandað gin (e. gin/compound gin/bathtub gin).

Til þess að flokkast sem íslenskt gin þarf það að fylgja þessari reglugerð frá Evrópusambandinu ásamt því að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Íslenskt gin skal vera eimað í brugghúsi/eimunarhúsi á Íslandi.

a. Eimun felur í sér bragðbætingu spíra með náttúrulegum kryddjurtum.

b. Eimunin fer fram í þar til gerðum eimunartækjum.

c. Ef um tunnaldrað gin sé að ræða skal öldrunin fara fram á Íslandi eða í lögsögu þess.

2. Í íslensku gini skal ein af hverjum fjórum kryddjurtum sem notaðar eru við bragðbætingu vera fengnar úr íslenskri náttúru, annað hvort villtar eða ræktaðar hér á landi.

a. Eingöngu er hægt að nota náttúrulegar kryddjurtir, en ekki gerviefni.

b. Kryddjurtirnar skulu bragðbæta ginið í eimunarferlinu sjálfu, annað hvort með beinni íblöndun eða með notkun kryddjurtakörfu.

c. Heimilt er að bragðbæta gin eftir eimun, en þó þarf bróðurparturinn af bragðinu að verða til við eimun.

3. Ef þörf er á að vatnsblanda ginið við framleiðslu skal einungis notast við íslenskt vatn.

4. Þökkun skal eiga sér stað á Íslandi og skal áfengisprósenta ekki vera undir 37.5%

3) Sérstakar reglur um merkingar á viðkomandi afurð

Íslenskt gin sem stenst þær framleiðslureglur sem settar hafa verið fram í grein 4.2, mega vera merktar með þeim skilgreiningum sem eru að finna í grein 4.1. Þær vörur sem ekki standast þessar reglur mega ekki, á beinan eða óbeinan hátt, vísa til þess að varan sé framleidd á Íslandi, t.d. með notkun íslenska fánans, skjaldamerkisins, íslenskra nafna eða á annan myndrænan hátt ýja að því að hér sé um íslenska vöru að ræða.

Ef sótt er um skráningu sem vísar til uppruna eða landfræðilegrar tilvísunar þarf að bæta við eftirfarandi upplýsingum:

Skilgreining landsvæðis:

Ísland og þær eyjar sem falla undir íslenska lögsögu.

Sönnun þess að afurð sé upprunnin á skilgreindu landsvæði:

Framleiðandi eimar vöruna á Íslandi og notar til þess íslenskar kryddjurtir að hluta til og íslenskt vatn. Einnig þarf framleiðandi að hafa starfsleyfi frá viðeigandi heilbrigðiseftirliti á Íslandi og framleiðsluleyfi á áfengi frá viðeigandi yfirvaldi.

Lýsing á framleiðsluaðferð afurðar og raunverulegum og óbreytilegum staðbundnum aðferðum, upplýsingum um þökkun ef hún verður að fara fram innan hins skilgreinda landsvæðis og ástæður þess að þökkun verður að fara fram innan þess til að standa vörð um gæði eða tryggja uppruna eða eftirlit:

Framleiðslulýsing er sett fram í lið 4.2. Þökkun skal fara fram á Íslandi, og notast skal við íslenskt bergvatn til niðurbýningar.

Upplýsingar sem staðfesta tengsl milli gæða eða einkenna afurðar og umhverfisins, hvort sem við á; eða tengsl milli ákveðinna gæða, orðspors eða annarra einkenna landbúnaðarafurðar eða matvæla og umhverfisins:

Íslenska vöruheitið er dýrmætt sökum hreinnar orku og hreina vatnsins sem við höfum á Íslandi, teljum við að verið sé að villa fyrir neytendum með gini sem framleitt er erlendis, sem oftast er ekki er spíri með viðbættum bragðefnum.

a) Skilgreining landsvæðis

b) Sönnun þess að afurð sé upprunnin á skilgreindu landsvæði

c) Lýsing á framleiðsluaðferð afurðar og raunverulegum og óbreytilegum staðbundnum aðferðum, upplýsingum um þökkun ef hún verður að fara fram innan hins skilgreinda landsvæðis og ástæður þess að þökkun verður að fara fram innan þess til að standa vörð um gæði eða tryggja uppruna eða eftirlit

d) Upplýsingar sem staðfesta tengsl milli gæða eða einkenna afurðar og umhverfisins, hvort sem við á; eða tengsl milli ákveðinna gæða, orðspors eða annarra einkenna landbúnaðarafurðar eða matvæla og umhverfisins

Fyrir liði a-d hér að ofan

1. Skilgreining landsvæðis:

a. Ísland og þær eyjar sem falla undir íslenska lögsögu.

2. Sönnun þess að afurð sé upprunnin á skilgreindu landsvæði:

a. Framleiðandi eimar vöruna á Íslandi og notar til þess íslenskar kryddjurtir að hluta til og íslenskt vatn. Einnig þarf framleiðandi að hafa starfsleyfi frá viðeigandi heilbrigðiseftirliti á Íslandi og framleiðsluleyfi á áfengi frá viðeigandi yfirvaldi.

3. Lýsing á framleiðsluaðferð afurðar og raunverulegum og óbreytilegum staðbundnum aðferðum, upplýsingum um þökkun ef hún verður að fara fram innan hins skilgreinda landsvæðis og ástæður þess að þökkun verður að fara fram innan þess til að standa vörð um gæði eða tryggja uppruna eða eftirlit:

a. Framleiðslulýsing er sett fram í lið 4.2. Þökkun skal fara fram á Íslandi, og notast skal við íslenskt bergvatn til niðurbýrningar.

4. Upplýsingar sem staðfesta tengsl milli gæða eða einkenna afurðar og umhverfisins, hvort sem við á; eða tengsl milli ákveðinna gæða, orðspors eða annarra einkenna landbúnaðarafurðar eða matvæla og umhverfisins:

a. Íslenska vöruheitið er dýrmætt sökum hreinnar orku og hreina vatnsins sem við höfum á Íslandi, teljum við að verið sé að villa fyrir neytendum með gini sem framleitt er erlendis, sem oftast en ekki er spíri með viðbættum bragðefnum.

Ef sótt er um skráningu sem vísar til hefðbundinnar sérstöðu þarf (auk 1,2 og 3 hér að ofan) að bæta við eftirfarandi upplýsingum:

- Lýsing á hefðbundnum eiginleikum afurðar
- Upplýsingum um hefðbundna framleiðsluaðferð, vinnslu eða samsetningu afurðar
- Upplýsingum um hefðbundinn uppruna hráefna eða innihaldsefna sem notuð eru til framleiðslu, vinnslu eða samsetningar á afurð
- Hvernig hráefnin eru nýtt samkvæmt hefð

Fyrir liði a-d hér að ofan

5. Samantekt sem felur í sér meginefni afurðarlýsingar

Samantekt:

Er lopapeysa sem saumuð er í Kína íslensk? Með því að skilgreina hvað má teljast íslenskt erum við um leið að tryggja ákveðin gæði sem ætti að einkenna íslenskar vörur og stuðla að góðu orðspori þeirra. Þetta á ekki bara við um íslenskt sterkvín, heldur einnig íslensku lopapeysuna, lambakjötið, skyrið o.s.frv.

Markmið þessarar umsóknar er að tryggja að ekki sé verið að villa fyrir neytendum þegar kemur að íslensku gini. Mikið af gini, sem er að mestu framleitt erlendis, hefur verið að ná fótfestu hér á landi. Þetta gin er kallað íslenskt en er það þó ekki. Hér er um að ræða vörusvik sem ekki einungis blekkir neytendur heldur gerir það einnig erfiðara fyrir þá áfengisframleiðendur sem eru í raun að framleiða sínar vörur hérlendis.

6. Umsóknargjald

Umsækjandi skal greiða gjald fyrir meðferð umsóknar, að fjárhæð 75.000 kr.

Fyrir umsókn um breytingu á afurðarlýsingu skal greiða gjald að fjárhæð 50.000 kr.

Reikningur verður sendur á umsækjanda.

Fylgiskjöl

Ef senda þarf fleiri fylgiskjöl skal senda þau á mast@mast.is með tilvísun í staðfestingarnúmer umsóknar.

Fylgiskjöl

Fylgisköl

Fylgiskjöl

Um umsóknina

Staðfestingarnúmer: 50330 **Staðfestingarmáti:** Íslykill í gegnum island.is **Dagsetning:** 10.6.2021 19:41:31